

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.4.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ekki voru gerðar athugasemdir við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Skoða mælingagögn og skráningar í rekstrarhandbók
 - a. geymar - þykktarmælingar
 - b. lagnir - þrýstiprófanir
2. Loftgæði í Örfirisey og gufuendurnýtingarbúnaður
3. Fráveitumál og olíuskiljur – tæmingar, þríf og virkni – prófun á raflokom
4. Mengunaróhöpp og kvartanir
5. Yfirferð yfir aðrar kröfur í starfsleyfi

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina. Farið var yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Geymir 200-0005-070101 (B212) var botnþykktarmældur í október 2007 því skal mæla hann á árinu. Næstu botnþykktarmælingar eru svo á næsta ári og skal mæla geyma nr. 1, 5, 6 og 8. Ný lög- bunkeringslög nr. P10210 var þrýstiprófuð í febrúar sl. en aðrar lagnir skal þrýstiprófa á næsta ári.

Henrik Kjær Hansen frá LuVEBA S.A. kom í úttekt á gufuendurnýtingarbúnaði í Örfirisey fyrir tæpu ári síðan. Helstu athugasemdir voru við sogdælu og öryggisloka. Skipt var um sogdælu í apríl 2017. Ekki náðist að mæla sleppingu rokgjarnra gufa í ferð Henriks til landsins árið 2016 vegna þess að kvörðunargas vantaði. Olíudreifing ehf. hefur umsjón með sameiginlegum gufusöfnunarbúnaði.

Fimm olíuskiljur eru á fráveitulögnum út úr stöðvunum í Örfirisey. Skeljungur sér um þjónustu við skiljurnar og mælir olíuleifar í frárennsli stöðvanna. Skiljurnar voru hreinsaðar þann 27. október sl. og 3. febrúar sl. Raflokar í frárennsli mengunarvarnaþróa voru prófaðir síðast þann 22. febrúar sl.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og ekki borist kvartanir. Ráðgert er að botnþykktarmæla bensíngeymi á árinu en þá má gera ráð fyrir losun bensíngufa. Áður en til þess kemur að geymirinn sé opnaður verður haft samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og eins hugað að því að vindátt sé hagkvæm og gufur angri ekki íbúa borgarinnar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Allar skráningar eru því í góðu lagi.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Vegna viðhalds á geymum og lögnum er allnokkuð af búnaði verktaka innan þróa. Fjarlægja skal allt óviðkomandi úr þróm stöðvarinnar að verki loknu. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Ekki voru gerðar athugasemdir við stöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2017

Gottskálf Friðgeirsson